

## Úrskurður nr. 5/2008

**Kærður er úrskurður tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda á húsbíl. Kærandi krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Ríkistollanefnd staðfesti endurákvörðun tollstjóra.**

Með bréfi, dags. 4. febrúar 2008, sem barst til nefndarinnar s.d. kærir A. úrskurð tollstjóra nr. 1/2008. Í hinum kærða úrskurði eru aðflutningsgjöld endurákvörðuð af húsbifreið. Bifreiðin kom til landsins þann 28. apríl 2003 með sendingu nr. S ARN 28 04 3 NL RTM V004 og var tollafgreidd í Hafnarfirði þann 26. júní 2003. Kærandi krefst þess að dráttarvextir sem lagðir voru á vangreidd aðflutningsgjöld verði felldir niður.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að embættið hafi fengið málið sent frá tollstjóranum í Reykjavík til athugunar á því hvort ástæða væri til endurákvörðunar aðflutningsgjalda vegna innflutnings á notuðum húsbíl af gerðinni Fiat 230. Bifreiðin kom til landsins þann 28. apríl 2003 frá Þýskalandi í sendingu S ARN 28 04 3 NL RTM V004. Samkvæmt aðflutningskýrslu var fob-verð bifreiðarinnar 16.150 evrur. Því til grundvallar lá vörureikningur sömu fjárhæðar frá seljanda bifreiðarinnar, Bodensohn Caravan und Freizeit, dagsettur 31. mars 2003. Bifreiðin var keypt fyrir milligöngu Ó. í Luxemborg.

Fob-verð bifreiðarinnar var tilgreint á aðflutningskýrslunni 16.150 evrur og var það í samræmi við það verð sem fram kom á vörureikning. Fram kemur á vörureikningum að húsbifreiðin hafi fyrst verið skráð í júnímánuði 2001 (Erstzulassung) og í útprentun úr Ekju opinberri ökutækjaskrá kemur fram að fyrsti skráningardagur erlendis (í Þýskalandi) hafi verið 21. júní 2001. Samkvæmt upplýsingum úr tollakerfinu var bifreiðin tollafgreidd á fob-verðinu 18.150 evrur eða 2000 evrum hærra fob-verði en vörureikningur sagði til um. Leitað var upplýsinga hjá Landsbanka Íslands um gjaldeyriskaup innflytjanda á árinu 2003. Í ljós kom að þann 26. mars það ár keypti innflytjandi 16.150 evrur í bankanum og sendi Ó. í Luxemborg þá upphæð fyrir milligöngu bankans. Í framhaldinu var aflað upplýsinga hjá þýskum tollfyrirvöldum um nefnda bifreið. Úr þeirri könnun barst tollfyrirvöldum vörureikningur samþykktur og stimplaður af þýskum tollfyrirvöldum og er hann að öllu leyti eins og sá reikningur sem hafði verið framvísað við tollafgreiðslu bifreiðarinnar nema að verð bifreiðarinnar er tilgreint á honum 27.200 evrur. Í könnun sinni fengu þýsk tollfyrirvöld staðfestingu nafngreinds lögmanns á að fyrirtækið Bodensohn Caravan und Freizeit, hafði selt bifreiðina á 27.200 evrur en lögmaðurinn virðist hafa verið skiptastjóri búsins. Ekki liggja fyrir frekari upplýsingar um gjaldeyriskaup vegna þessara kaupa en frá er greint.

Þá segir í úrskurði tollstjóra að við skýrslutöku þann 22. júní 2006 hafi innflytjandi haldið fast við að hann hafi greitt 16.150 evrur, fyrir milligöngu Landsbanka Íslands, fyrir bifreiðina til nefnds Ó. í Luxemborg. Ennfremur að við tollafgreiðslu bifreiðarinnar hafi tollverð hennar verið hækkað um 2000 evrur. Innflytjandi neitar því að hafa sé reikning upp á 27.200 evrur. Hann mótmælir í sjálftu sér ekki hækkan aðflutningsgjalda en fer fram á að vextir verði felldir niður.

Tollstjóri telur að fob verð bifreiðarinnar hafi verið ranglega tilgreint á aðflutningskýrslu. Hann ákvað að hækka verð hennar úr 18.150 evrum í 27.200 evrur. Hann telur rétt að taka tillit til tafa sem orðið hafa á málinu við útreikning dráttarvaxta, en telur ekki unnt að fella þá niður að fullu. Eins og fram hefur komið var framburðarskýrsla af innflytjanda tekin í 22. júní 2006. Tollstjóri telur rétt að miða útreikning dráttarvaxta við innflutning bifreiðarinnar og nefnda dagsætningu að viðbættum tíma sem hann hafði til að taka afstöðu í málinu. Því ákvað hann að dráttarvextir skyldu reiknast frá tollafgreiðsludegi 26. júní 2003 og til 1. ágúst 2006.

Þá segir í hinum kærða úrskurði að þar sem tollafgreiðslan átti sér stað fyrir 1. janúar 2006 gildi lög nr. 55/1987 um endurákvörðun aðflutningsgjalda sbr. gildistökuákvæði nýrra tollalaga nr. 88/2005. Endurákvörðun aðflutningsgjalda af umræddri sendingu byggir á 5. tl. 99. gr tollalaga nr. 55/1987. Eindagi vðbótafjárhæðar er tollafgreiðsludagur vörusendingarinnar, sbr. 2. mgr. 108. gr. tollalaga nr. 55/1987. Um dráttarvexti fer skv. 3. mgr. 108. gr. tollalaga nr. 55/1987 en þar kemur fram að reikna skuli dráttarvexti á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með eindaga og fram að greiðsludegi. Dráttarvextir skuli vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingar.

Tollstjóri úrskurðar með vísan til ofanritaðs að vangreidd aðflutningsgjöld af umræddri sendingu verði sem hér segir:

Vörugjald 45%	kr. 353.091-
Virðisaukaskattur 24,5%	kr. 278.749-
Dráttarvextir til 01.08.2006	<u>kr. 411.123-</u>
Samtals	kr.1.042.963-

Í kröfugerð kæranda segir að hann telji að málið hafi tekið alltof langan tíma eða um 3 ár frá innflutningi bifreiðarinnar þar til að hann er kallaður til skýrslutöku hjá tollstjóra. Það taki síðan tollstjóra eitt og hálf ár að kveða upp úrskurð um endurákvörðun gjalda af innflutningi húsbifreiðarinnar. Kærandi er mjög ósáttur við að hann greiði dráttarvexti í rúm 3 ár og óskar eftir því að þeir verði felldir niður.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi dags. 4. febrúar 2008. Í svari tollstjóra sem barst nefndinni þann 21. febrúar segir m.a. að hann telji að ekki sé heimild í lögum til þess að fella niður álagða dráttarvexti skv. fyrrgreindum úrskurði. Úrskurðurinn byggir á heimild tollstjóra til endurákvörðunar skv. 3. mgr. 99. gr. eldri tollalaga nr. 55/1987 þar sem sendingarnar voru allar tollafgreiddar fyrir 1. janúar 2006. Samkvæmt 2. mgr. 108. gr. sé eindagi viðbótarfjárhæðar, þegar aðflutningsgjöld eru endurákvörðuð, tollafgreiðsludagur vörusendinga og 3. mgr. 108. gr. kveður á um að reikna skuli dráttarvexti á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með eindaga og fram að greiðsludegi. Þar sem tafir urðu á málsmeðferð hjá tollstjóra tók hann tillit til þess við útreikning dráttarvaxta. Í úrskurði sínum voru dráttarvextir einungis reiknaðir frá tollafgreiðsludegi til 1. ágúst 2006.

Tollstjórinn í Reykjavík telur því að það hafi nú þegar verið komið til móts við kæranda varðandi þær tafir sem urðu á málinu.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að þar sem vísað sé í 5. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga 55/1987 sé að sjálfsgöðu um innsláttarvillu að ræða, átt sé við 1. tl. greinarinnar. Þá bendir hann á að í úrskurðinum sé skráð röng kennitala fyrir kæranda. Hér er um yfirsjón að ræða sem ekki hefur frekari áhrif á gang málsins. Að öðru leyti vísast til hins kærða úrskurðar. Með hliðsjón af framansögðu krefst tollstjórinn í Reykjavík þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Kæranda var send greinargerð tollstjóra til umsagnar með bréfi, dags. 22. febrúar 2008. Kærandi sendi nefndinni bréf dags. 18. mars 2008 þar sem fyrri kröfur eru ítrekaðar.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og nefndarmenn hafa kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Deilt er um álagningu vaxta sem eru til komnir vegna endurákvörðunar tollstjóra á aðflutningsgjöldum af húsbifreiðinni sem er af gerðinni Fiat 230. Kærandi flutti ofangreinda bifreið til landsins í apríl 2003 í sendingu nr. S ARN 28 04 3 NL RTM V004. Kærandi kærir álagningu dráttarvaxta sem lagðir eru á vangreidd aðflutningsgjöld í hinum kærða úrskurði. Hann telur að málsmeðferð hafi tekið of langan tíma og því beri að fella niður eða lækka dráttarvexti.

Tollstjóri endurávarðaði kæranda gjöld skv. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987 en þau lög voru í gildi þegar innflutningurinn átti sér stað. Heimild tollstjóra til endurákvörðunar er ekki mótmælt af kæranda og heldur ekki endurákvörðuninni sem slíkri. Hann hefur þó í yfirheyrslu hjá tollstjóra ávallt haldið sig við þann framburð að hann hafi ekki greitt hærrí upphæð fyrir ökutækið en 16.150 evrur. Reikningur sá sem lagður er fram af þýskum tollfyrirvöldum og staðfestur af þeim aðila sem seldi ökutækið verður að mati nefndarmanna að teljast það trúverðugur að honum verði ekki hafnað.

Eins og fram hefur komið mótmælir kærandi ekki endurákvörðun aðflutningsgjalda heldur aðeins þeim vöxtum sem honum er gert að greiða. Af gögnum málsins má ráða að ökutækið hafi verið tollafgreitt þann 26. júní 2003. Kærandi var kallaður til skýrslutöku vegna málsins þann 22. júní 2006 en ekki er úrskurðað í málinu fyrr en 9. janúar 2008. Óútskýrð er sú tölva sem varð á að úrskurða í málinu en við útreikning vaxta vegna vangreiddra aðflutningsgjalda

er tekið tillit til tafa á málsmeðferðinni því tollstjóri reiknar vexti frá 22. júní 2003 til 1. ágúst 2006, en ekki til þess dags sem úrskurðurinn er kveðinn upp hinn 9. janúar 2008.

Ríkistollanefnd leitaði til tollstjórans í Reykjavík og óskaði efir því að upplýst yrði nánar um hvað olli því að málið tók svo langan tíma í meðferð hans. Í svari hans sem mótttekið var hjá nefndinni þann 22. apríl 2008 er leitast við að upplýsa hvað olli þeim langa tíma sem rannsókn málsins hefur tekið. Í svari tollstjóra kemur fram að gagnaöflun og rannsókn málsins hefur verið mjög viðamikil og flókin. Tollyfirvöld sendu fyrirspurn til þýskra tollyfirvalda yfir nokkra aðila, sem flutt höfðu inn bifreiðar er keyptar voru af íslenskum aðila sem búsettur er erlendis, og var reynt, að sögn tollstjóra, að láta málin fylgjast að. Mál það sem hér er til meðferðar er eitt það fyrsta sem er tekið til athugunar hjá tollstjóra í þessari rannsókn. Þá hafa tollyfirvöld leitað til skattfyrvalda um upplýsingar sem varða rannsókn málsins. Þessi atriði hafa, að sögn tollstjóra, leitt til þess að rannsóknin hefur verið svo tímafrek.

Í 9. gr. stjórnslulaga nr. 36/1993 er kveðið á um málshraða. Þar segir: "Ákvarðanir í málum skulu teknar svo fljótt sem unnt er. Þar sem leitað er umsagnar skal það gert við fyrstu hentugleika. Ef leita þarf eftir fleiri en einni umsögn skal það gert samtímis þar sem því verður við komið. Stjórnvald skal tiltaka fyrir hvaða tíma óskað er eftir að umsagnaraðili láti í té umsögn sína. Þegar fyrirjácnalegt er að afgreiðsla máls muni tekjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta. Dragist afgreiðsla máls óhæfilega er heimilt að kæra það til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til." Nefndarmenn áréttu að tollstjóra ber í samræmi við ofangreinda reglu að afgreiða mál eins fljótt og unnt er.

Í 3. mgr. 99. gr. laga nr. 55/1987 segir: "Ef aðflutningsgjöld eru ekki greidd á eindaga eins og hann er ákveðinn samkvæmt þessari grein skal frá og með eindaga reikna dráttarvexti af kröfunni fram að greiðsludegi. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta skulu gilda ákvæði vaxtalaga nr. 25/1987, með áorðnum breytingum" Nefndarmenn eru sammála um að rannsókn og málsmeðferð tollstjóra tók langan tíma. Tollstjóri viðurkennir það við útreikning vaxta af endurákvörðuninni því hann ákveður að taka tillit til þessa dráttar og reiknar vexti frá tollafgreiðsludegi til 1. ágúst 2006 en hinn kærði úrskurður er kveðinn upp 9. janúar 2008. Þegar öll málsatvik eru skoðuð er það álit nefndarmanna að við útreikning vaxta hafi verið tekið tillit til þeirra tafa sem sannanlega urðu á málsmeðferð tollstjóra.

Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 er hinn kærði úrskurður staðfestur.